



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2019

## TRÉS1VA05

Val-trésmíði  
Kennsluáætlun

<b>Kennari:</b>	<b>Lárus Gestsson</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>LG</b>
-----------------	-----------------------	---------------	-----------

### Áfangalýsing:

Almennur valáfangi í trésmíði. Í áfanganum er fræðst um vinnu með ýmsar timburgerðir og samsetningar. Farið verður yfir umgengni við ýmiss handverkfæri jafnóðum og vinna fer fram. Unnið er með rafmagnshandverkfæri undir leiðsögn kennara. Vélavinna í stærri vélum unnin af kennara eða undir hans eftirliti.

Lögð er áhersla á góða umgengni við umhverfi smíðastofunnar og að allir beri virðingu hver fyrir öðrum.

Áfanginn er ekki skipulagður sem undanfari eða hluti iðnnáms, en getur hjálpað einstaklingum við að finna sér áhugasvið í námi eða nýta reynslu áfangans við daglegt líf.

### Undanfari:

#### Þekkingarviðmið:

Nemandi hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- eigin getu og hvernig hægt er að nýta hana í daglegu lífi sér til hagsbóta
- eiginleikum timburs og möguleikum þess sem smíðaefnis
- þjálfun í beitingu handverkfæra
- innsýn í notkun á algengustu trésmíðavélum og tækjum
- mikilvægustu öryggisatriðum varðandi vinnu í smíðastofunni
- mikilvægi virðingar við umhverfi sitt og góða nýtingu efnis
- algengustu samsetningum í trésmíði
- öðrum efnum sem notuð eru til smíða, viðhalds og viðgerða (límum, olíum, fúavarnarefnum, lökkum o.fl.)

#### Leikniviðmið:

Nemandi hafi öðlast leikni í:

- meðhöndlun handverkfæra á ábyrgan hátt
- að meta hvaða efni er best að nota
- að meta hvernig efnið nýtist best
- að mynda sér skoðun á aðferðum
- að umgangast sig og aðra af ábyrgð og virðingu í umhverfi smíðastofunnar

### Námsefni:

Kennari og nemendur finna leiðir í verkefnum sameiginlega í upphafi annar. Breytilegt getur verið hvaða verkefni verður ráðist í.

Kennari leggur áherslu á að nemendur geri sér grein fyrir eigin ábyrgð í verkefnavali og góðri samvinnu við kennara þar um.

Hugmyndabankar geta verið Pinterest eða aðrir vefmiðlar, bækur, eigin teikningar, fyrirmyndir eða annað sem skapað getur hugmynd.

Nemendur greiða efnisgjald, **kr. 7000** fyrir áætlað efni sem notað er í verkefnin, sé um umfram efni að ræða borgast það sérstaklega.

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Verkefni
Allar	Haut 2019	Kennari og nemendur vinna saman að vali verkefna.	Ýmiss verkefni. Sjá nánar í einkunnamati eftir önn.

### Sérreglur áfangans:

Krafa er gerð um góða mætingu og virkni þar sem áfanginn byggist að mestu leiti á verklegri vinnu.

Að öðru leiti gilda reglur skólans um námið.

### Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Öll verkefni	Kennari metur áhuga, árangur og ástundun með stuðningi frá skráningarkerfi Innu.	30%
Öll verkefni	Vægi hvers verkefnis fyrir sig verður metið samhliða smíðinni þar sem erfitt er að ákveða afraksturinn fyrirfram.	70%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**